

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Brunnhóll á Mýrum
Minjakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á bæjarhól

Fornleifaskráning 2017

Vala Garðarsdóttir
Sigríður G Björgvinsdóttir

Desember 2017



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	2
Heimildir	4
Framkvæmdasvæðið og minjar	6
Lokaorð	9
Heimildir	10
Viðauki	11



Mynd 1. Uppdráttur úr deiliskipulagstillögu. Heimild: www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal.

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda á Brunnhóli í Sveitarfélaginu Hornafirði, var gerð minjaúttekt á deiliskipulagsreit að beiðni skipulagsstjóra sveitarfélagsins, eins og lög gera ráð fyrir og er hér um deiliskráningu að ræða.¹ Samkvæmt tillögu nær deiliskipulagið yfir um 10 ha lands skammt sunnan Þjóðveggar 1 í landi Brunnhóls og Árbæjar og tekur til stækkunar og breytingar á núverandi gisti- og íbúðarhúsi að Brunnhól, ásamt aðkomu frá Þjóðvegi (sjá mynd 1).

Farið var á vettvang 9. mars 2017, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og minjar staðsettar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagntæki). Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúrulandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur sáu um kráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

² Manntal 1703, bls. 431

³ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 86

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika. Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.



Mynd 2. Bæjarhóllinn Brunnhóll (Brunahóll) og Slindurholt, séð frá suðri. Lengst til vinstri stendur steinsteyppt bæjarhúsið, reist fyrir 1957 en hefur verið jafnað við jörðu. Hægra megin við það er íbúðarhúsið byggt 1957 og stendur enn. Nýbýlið Árbær fyrir miðri mynd og lengst til hægri stendur Brunnhólskirkja efst á Slindurholtinu. (Ljós. Héraðskjalasafn A-Skaftafellssýslu).

Heimildir

Brunnhóll (landnr. 160079) er ein af níu fyrrum hjáleigum úr Einholtslandi. Brunnhóls (*Brunhóll* - *Brunahóll*) er fyrst getið í rituðum heimildum á 18. öld.² Árið 1899 sameinaðist Brunnhóll annarri hjáleigu Einholts, Slindurholti þegar sú jörð fór í eyði.³ Í kjölfar þess var kirkjan í Holti flutt og endurreist á Slindurholsthólnum og stendur þar enn. Um staðsetningu bæjanna segir í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu: „Bæirnir stóðu á sínum hólum hvor, skammt austan við Brunnhólsána rétt sunnan við þjóðveginn. Hólar þeir sem bæirnir stóðu á eru fremur lágir og liggja nær því saman.[...]Bærinn Brunnhóll stóð uppi á Brunnhólnum, bærinn í Slindurholti stóð framan í Slindurholtinu“ (sjá mynd 2).⁴ Fornt mat jarðanna er samtals 9 hundruð.⁵ Í jarðaskrá Ísleifs Einarssonar frá 1708 – 1709 segir: „*Brunahóll*. Hjáleiga úr Einholts heimalandi. Landsk. 50 áln. Kúg. 1“ og „*Slindurholt*. Hjáleiga, byggð úr Einholts heima landi. Landsk. xl áln. kúg. 1½ “. ⁶ Í sýslu og sóknarlýsingu frá 1839 segir landsverð jarðanna enn samtals 9 hundruð,⁷ en komið í 12,99 árið 1861.⁸

² Manntal 1703, bls. 431

³ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 86

⁴ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 86

⁵ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 86

⁶ Jón Þorkelsson, 1708-1709/1918-20, bls. 25

⁷ Jón Bergsson, 1839/1997, bl. 114

Vegna ágangs jökulvatnanna á Mýrum á 19. öld, voru holtin tvö Brunnhóll og Slindurholt oft umlukin vatni frá Hólmsá um Brunnhólsá.¹⁰ Bæjarhús Brunnhóls hafa því líklega ávallt staðið á núverandi bæjarhól (Brunnhól), eins og kemur fram hér að ofan. Túnakort frá 1918 (sjá mynd 3) sýnir staðsetningu bæjarhúsa ásamt útihúsum og sáðgörðum frá þeim tíma.¹¹

Mynd 3. Túnakort frá 1918. Teiknað af Halldóri Eyjólfsyni Hólmi.

⁸ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 87

⁹ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 86

¹⁰ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 86

¹¹ Túnakort, 1918

Framkvæmdasvæðið og minjar

Að Brunnhól hefur verið starfrækt gistihús síðan 1986 af núverandi eigendum jarðarinnar.¹² Til stendur að reisa tvær viðbyggingar, annars vegar við núverandi gistihús sem reist var um 2005 og hins vegar starfsmannahús áfast íbúðarhúsi sem reist var um 1957 og er í dag hluti af veitinga- og gistihúsarýminu. Fyrirhugaðir byggingareitir eru sýndir á loftmynd á mynd 4 samkvæmt deiliskipulagstillögu.

Bæjarhóllinn og túnin í kring eru mikið röskuð frá seinni tíma framkvæmdum, m.a. vegna nýbygginga sem og túnaræktunar. Minjar sem skilgreinast sem fornleifar eru ekki lengur sjáanlegar á heimatúnum. Eldri hús og aðrar mannvistarminjar sem staðið hafa á og við bæjarhólinn hafa vikið fyrir nútíma framkvæmdum. Skráð er í minningum Sigurðar Þórðarsonar frá Brunnhól (fæddur 1887) að fyrir aldamótin 1900 voru reist 2 rennuhús að Brunnhól.¹³ Bæjarhús og stofuhús með timburstöfnum og bæði með lofti. Fjósbaðstofa með skarsúð var austan við rennuhúsin, sem þótti með betri baðstofum á Mýrum.¹⁴



Mynd 4. Yfirlitskort af skráðum minjum við Brunnhól. Rauður hringur afmarkar Brunnhól eða bæjarhólinn og innan hans eru skráðar 4 minjæiningar samkvæmt heimildum (sjá nánari lýsingu í töflu 1). Fyrirhugaðir byggingareitir eru markaðir með gulri brotalínu. (Heimild: Loftmyndir ehf, kortagerð SGB, 2017).

¹² Brunnhóll á.á.

¹³ Þórður Tómasson, 1988, bls. 38

¹⁴ Þórður Tómasson, 1988, bls. 39

Sigurður segir enn fremur: „Útielldhús var heima á Brunnhól fyrst er ég man til en svo var byggt innielldhús aftur af rennuhúsunum. Öll húsin voru hlaðin úr grjóti og torfi og undir þakhellu og torfi.“¹⁵

Úttekt á vettvangi beindist að minjum innan deiliskipulagssvæðis samkvæmt tillögu. Fimm minjastaðir voru skráðir út frá heimildum (sjá myndir 3 og 4 og töflu 1).¹⁶

Tafla 1. Skráning minja á bæjarhól Brunnhóls.

Audkenni	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Lýsing
1906:001	Heimild	Bær/bæjar-hóll	<1910-1985	Sléttað yfir	Hætta*	v/bygginga	Sjá texta og myndir 2-4, 6-7
1906:002	Heimild	Sáðgarður	<1918	Sléttað yfir	Hætta*	v/bygginga	Sjá texta og myndir 3-5
1906:003	Heimild	Vegur/heimreið	<1918	Sléttað yfir	Hætta*	v/bygginga	Sjá texta og myndir 2-4, 8
1906:004	Heimild	Fjánhús	<1918	Sléttað yfir	Engin hætta*		Sjá texta og mynd 3,-4,9
1906:005	Heimild	Sáðgarður	<1918	Sléttað yfir	Engin hætta*		Sjá texta og mynd 3-4, 10

* Minjar horfnar af yfirborði en ekki er vitað hvað leynist undir sverði.

¹⁵ Þórður Tómasson, 1988, bls. 39

¹⁶ Túnakort, 1918

1906:001: *Brunnhóll*, staðsetning: A 672398.727 - N 425912.057
„Bærinn Brunnhóll stóð uppi á Brunnhólnum“.¹⁷
Steinsteypt íbúðarhús sem reist var um 1910 (sjá mynd 2), stóð suðvestan megin við íbúðarhúsið. Þúið var í húsinu fram undir 1957 er núverandi íbúðarhús var reist. Húsið var jafnað við jörðu rúmum 40 árum síðar.

1906:002: *sáðgarður*, staðsetning: A 672418.307 - N 425904.144
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var sáðgarður sunnan við bæinn (sjá mynd 3). Engin ummerki eftir sáðgarðinn eru sjáanleg þar sem þúið er að slétta yfir og rækta upp tún suður af bæjarstæðinu.

1906:003: *leið/vegur*, staðsetning: A 672361.186 – N 425914.042
Heimreið að Brunnhólsbænum lá vestan megin við bæjarhólinn (mynd 3) og upp á bæjarhlaðið.¹⁸ Ekki sést lengur til hennar þar sem seinna tíma framkvæmdir hafa raskað umræddu vegastæði (mynd 8 í viðauka).¹⁹

1906:004: *fjárhús*, staðsetning: A 672326.537 – N 426131.447
Samkvæmt túnakorti stóð fjárhús/fénaðarhús nyrst í heimatúni Brunnhóls árið 1918 (mynd 3). Ekki sjást lengur ummerki um hús/húsin.

1906:005: *sáðgarður/fénaðarhús* staðsetning: A 672386.794 – N 425981.222
Norð-norðaustur af bæjarhúsum var sáðgarður ásamt fénaðarhúsi.²⁰ Ekki sést til minja á vettvangi (mynd 10).

¹⁷ Kristján Benediktsson, 1972, bls. 86

¹⁸ Túnakort, 1918

¹⁹ Jón Kristinn Jónsson, bóndi Brunnhóli, munnleg heimild, 9. mars 2017.

²⁰ Túnakort, 1918

Lokaorð

Skipulagssvæðið er mikið raskað og minjar horfnar vegna seinni tíma framkvæmda. Minjapunktur 1906:001-003 eru við og innan framkvæmdareita en punktar 1906:004-005 eru utan þeirra.

Í ljósi landfræðilegrar legu bæjarhólanna tveggja, Brunnhóls og Slindurholts og umhverfisáhrifa vegna vatnaágangs frá Brunnhólsá og Hómsá fyrr á tímum, er sýnt að staðsetning bæjarhúsa Brunnhóls hafi í gegnum aldirnar lítið hnikast til innan bæjarhólsins. Má leiða að því líkum að byggt hafi verið ofan í eldri bæjarstæði í nánast hvert sinn sem nýtt hýbýli hefur risið.

Því er lagt til að minjavörður verði viðstaddur þegar fyrirbyggjandi framkvæmdir hefjast.

Heimildir

Brunnhóll (á.á.). *Brunnhóll - A family-friendly Guesthouse in the South East Iceland*. Skoðað 13. mars 2017 á <http://brunnholl.is>

Jón Bergsson, (1997). Einholtsprestakall. Í Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (sáu um útgáfu), *Skaftafellssýsla, Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Reykjavík: Sögufélagið.

Jón Kristinn Jónsson, ábúandi að Brunnhóli. Munnleg heimild, 9. mars 2017.

Jón Þorkelsson, (1918-20). *Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssýslu, er hann gerði 1708 og 1709 í umboði Árna Magnússonar*. Blanda 1. bindi 1918-1920, 1-3. hefti, bls. 1-38.

Kristján Benediktsson (1972). Byggðasaga Mýrarhrepps, *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, II. bindi*, bls. 11-127. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands 1924-1947.

Túnakort frá 1918, Þjóðskjalasafn Íslands.

Þórður Tómasson, (1988). *Þjóðhættir og þjóðtrú, skráð eftir Sigurði Þorsteinssyni frá Brunnhól*. Reykjavík; Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. ²¹

²¹ Sigurður er rangfeðraður á bókarkápu og titilsíðu, hann var Þórðarson.

Viðauki



Mynd 5. Samkvæmt túnakorti var sáðgarður sunnan við Brunnhólsbæinn (1906:001). Horft af Brunnhól austanvert við núverandi byggingar, til suðvestur yfir fyrrum sáðgarðinn. Ljós. SGB, mars 2017.



Mynd 6. Væntanlegur byggingareitur á bæjarhólnum. Horft er til vesturs. Tréð á miðri mynd stendur hér um bil þar sem eldra íbúðarhús stóð (1906:002). Ljós. SGB, mars 2017



Mynd 7. Bæjarhóllinn séð frá vestri. Ljós. SGB, mars 2017.



Mynd 8. Vegur á túnakorti (1906:003) lá á jafnsléttunni fyrir miðri mynd og upp á Brunnhólinn. Bygging gistihússins stendur á hluta vegarins (munnleg heimild). Ljós. SGB, mars 2017.



Mynd 9. Horft til norðvesturs yfir nyrsta hluta heimatúna Brunnhóls, þar sem áður stóðu fénaðarhús norður undir þjóðvegi 1, samkvæmt túnakorti frá 1918. Ekkert sést til minja. Ljósm. SGB, mars 2017.



Mynd 10. Á túnakorti er getið sáðgarðs og fénaðarhúss norðaustan við bæjarstæðisins, sjá skráningarpunkt 1906:005. Ljósm. SGB, mars 2017.